



# Hörgársveit

## Fréttabréf

23. september 2020 11. árgangur 9. tölublað

### **Vegna forfalla er laus staða umsjónarkennara á yngsta stigi við Þelamerkurskóla**

Við Þelamerkurskóla eru laus til umsóknar staða umsjónarkennara á yngsta stigi. Óskað er eftir að ráða fjölhæfan, sveigjanlegan, hlýjan og skapandi grunnskólakennara með mikla hæfni í samskiptum við börn. Umsjónarkennarinn vinnur í kennarateymi 1.-4. bekkjar. Í skólanum eru samtals 65 nemendur. Í Þelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla fyrir alla og þannig lögð rík áhersla á að búa öllum nemendum aðstæður til náms við hæfi hvers og eins, nokkuð sem krefst sveigjanleika og skapandi hugsunar hjá öllu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði Jákvaðs aga og Byrjendalæsis. Skólinn er heilsueflandi skóli auk þess sem áhersla er lögð á rafræna kennsluhætti, útikennslu og skapandi starf.

#### **Helstu verkefni**

- Annast almenna umsjónarkennslu í teymi með öðrum umsjónarkennara í 1.-4. bekk.
- Stuðla að velferð og framförum nemenda í góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn og stoðþjónustu innan skólans sem utan.

#### **Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Þekking á og reynsla af innleiðingu og notkun Byrjendalæsis.
- Reynsla af starfi með fjölbreyttum nemendahópi.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Áhugi á að ná fram því besta úr hverjum nemanda.
- Færni í samvinnu og teymisvinnu.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf við skólann. Umsóknarfrestur er t.o.m. 5. október 2020. Ferilskrá og umsókn í formi greinargerðar skal senda á netfang skólustjóra ragnheidurlilja@thelamork.is. Upplýsingar um Þelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans <https://www.thelamork.is/> Frekari upplýsingar veitir Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólustjóri, ragnheidurlilja@thelamork.is og í síma 460-1770/866-4085

## Údráttur úr fundargerð:

**Priðjudaginn 22. september 2020 kl.15:30 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar í húsnæði félagsmiðstöðvar í heimavist Þelamerkurskóla.**

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, María Albína Tryggvadóttir og Jónas Þór Jónasson

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

### **1. Sóknaráætlun Norðurlands eystra**

Starfsmenn SSNE, þau Elva Gunnlaugsdóttir og Baldvin Valdimarsson mættu á fundinn og fóru yfir sóknaráætlun Norðurlands eystra.

### **2. Fundargerðir fjallskilaneftar frá 1. og 21. september 2020**

Fundargerðirnar lagðar fram.

### **3. Fundargerð rekstrar- og framkvæmdaneftar frá 8.9.2020**

Fundargerðin lögð fram. Farið yfir stöðu útsvarstekna. Jafnframt var lagt fram yfirlit frá forstöðumanni þjónustumiðstöðvar þar sem farið er yfir þau verkefni sem fram fóru á vegum sveitarfélagsins í sumar.

### **4. Flokkun Eyjafjarðar, fundargerðir frá 28.08.2020, ársreikningur 2019**

Fundargerðirnar og ársreikningur 2019 lagðar fram.

### **5. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 12. og 13. fundi.**

Fundargerðirnar lagðar fram

### **6. Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 8.9.2020**

Fundargerðin lögð fram.

### **7. Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. frá 886. fundi**

Fundargerðin lögð fram.

### **8. Fundargerð stjórnar Norðurorku 248. fundi**

Fundargerðin er meðfylgjandi.

### **9. Jöfnunarsjóður svar v. kostnaðar við snjómokstur**

Svarið lagt fram, en þar kemur fram að í ljósi tekjufalls jöfnunarsjóðs mun ekki verða veitt viðbótarframlag til að mæta auknum kostnaði við snjómokstur.

### **10. Aflið, styrkbeiðni**

Erindið er lagt fram.

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2021.*

## **11. Erindi vegna lausugöngu búfjár**

Erindið sem er frá Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur í Hraukbæjarkoti 2, lagt fram. Þar er rætt um lausagöngu búfjár og lausagöngubann.

*Sveitarstjórn þakkar erindið.*

*Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir því við lögfræðing sveitarfélagsins að hann geri greinargerð með kostum og göllum lausagöngubanns sem lögð verði fyrir næsta sveitarstjórnarfund.*

## **12. Hótel Hjalteyri ósk um stækkun**

Lagt fram erindi ásamt uppdrætti frá eigendum Hótel Hjalteyri þar sem óskað er eftir heimild til stækka þakbyggingu á núverandi húsnæði.

*Sveitarstjórn samþykkti erindið.*

## **13. Ós land D, vegur**

Lagt fram erindi ásamt uppdrætti þar sem óskað er eftir samþykki fyrir umsókn til Vegagerðarinnar vegna lagningar vegar inná landið.

*Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd við að malarvegur verði lagður í landi Óss land D (Inr. 223281) eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti.*

## **14. Skógrækt Ytri-Bægisá, umsögn**

Fyrir fundinum liggur erindi frá Skipulagsstofnun dags. 2020-09-14 þar sem beðið er um umsögn á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum nr.

106/2000 vegna áforma um skógrækt í landi Ytri-Bægisár II. Erindinu fylgir greinargerð frá Skógræktinni dags. 2020-08-13.

*Sveitarstjórn telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í fylgigögnum umsagnarbeiðninnar en bendir þó á að sökum nálægðar við þjóðveg 1 sé æskilegt að veita Vegagerðinni færi á að gefa umsögn um áformin. Sveitarstjórn bendir á að áformin séu háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 4 gr. reglugerðar um fram-kvæmdaleyfi nr. 772/2012. Með vísan til ákvæða í kafla 3.2.1 og 3.3.9 í greinargerð gildandi aðalskipulags telur sveitarstjórn að áformin samræmist markmiðum aðal-skipulags sveitarfélagsins.*

## **15. Húsnæði heimavistar**

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir málið í framhaldi af fundum sem þeir áttu með fulltrúum Húsnæðis og mannvirkjastofnunar, leigufélagsins Bríetar og Búfesti húsnæðissamvinnufélagi á Akureyri.

*Sveitarstjórn samþykkti að áfram verði rætt við Búfesti um verkefnið.*

## **16. Lækjarvellir, lóðamál**

Rætt um innköllun lóðarinnar nr. 1 við Lækjarvelli og lagður fram tölvupóstur lögmanns sveitarfélagsins varðandi framgang þess máls. Þá var rætt um lóðina nr. 2 við Lækjarvelli, skipulag og möguleika á uppbyggingu m.a. með tilliti til fráveitu.

*Sveitarstjórn samþykkti að fá tillögu frá skipulagshönnuði um breytingu á lóð nr. 2 þar sem gert er ráð fyrir tveimur lóðum í stað þriggja, m.a. vegna fráveitumála.*

*Lögmanni falið að halda áfram með innköllun lóðarinnar Lækjarvellir 1.*

## **17. Göngu- og hjólastígur**

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir málið í framhaldi af fundi sem þeir áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar þann 7.9.2020

*Sveitarstjórn samþykkti að áfram verði unnið að málinu.*

## **18. Hraun í Öxnadal ehf, aðalfundarboð**

Fundarboðið lagt fram.

*Sveitarstjórn samþykkti að Ásrún Árnadóttir verði fulltrúi Hörgársveitar á fundinum.*

## **19. Trúnaðarmál**

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 18:55

# **Sundlaugin á Þelamörk, Jónasarlaug**

***Opnunartími:***

***Mánudaga til fimmtudaga 17.00 til 22.30***

***Föstudaga lokað***

***Laugardaga 11.00 til 18.00***

***Sunnudaga 11.00 til 22.30***